

Stjórnarfundur FASK

32. Fundur 27. maí 2025 kl 8:30

Mættir á TEAMS : Laufey Guðmundsdóttir, Ágúst Elvarsson, Reynir Snær Valdimarsson og Tinna Rut

Sigurðardóttir

Fundurinn haldinn í fjarfundi

1. Staðan á viðræðum við Vatnajökulspjóðgarð og ráðuneytin um uppbyggingu á Jökulsárlóni.

Staðan á viðræðunum er því miður ekki komin nógu langt vegna allskonar aðstæðna. Staðan á ríkistjórninni hafði þar mjög stór áhrif og erfitt reyndist að ná um ráðuneytin en það er allt á rétttri leið núna. Um áramótin þegar Vatnajökulspjóðgarður varð Náttúruverndarstofnun, var skert starfsemi þar á meðan sameiningin var að ganga í gegn. Þessi sameining stofnana varð líka til þess að stjórn og svæðisráð voru óstarfhæf um tíma, stjórn töluvert lengur en svæðisráð þó. Svæðisstjórn Vatnajökulspjóðgarðs („áður stjórn Vatnajökulspjóðgarðs“) er nýtekin til starfa aftur, undir breyttu nafni og aðeins breyttu fyrirkomulagi á skipan fulltrúa.

2. Breyting á framtíðarsýn frá árinu 2021 í Skaftafelli.

Á svæðisráðsfundi þann 9.maí 2025 fékk svæðisráð kynningu á breytingatillögu sem þjóðgarðurinn vill gera á framtíðarsýn Skaftafells með tilliti til þess að nú er í gangi breyting á deiliskipulagi á svæðinu.

Árið 2021 var ákveðið að eftirfarandi leið yrði tekin varðandi aðstöðu fyrirtækja inni í Skaftafelli:

“Í Skaftafelli er aðstaða fyrir sölubása með samræmdu útliti sem fyrirtæki í kring geta nýtt sér og safnaður fyrir ferðir (“meeting point”). Einnig starfsmannaaðstaða fyrir veru starfsmanna yfir daginn. Önnur aðstaða fyrirtækja er utan þjóðgarðs.”

Breytingartillagan á textanum er svohljóðandi :

“Öll fyrirtæki hafa aðstöðu utan þjóðgarðs, fyrir utan að í Skaftafelli er eitt sameiginlegt þjónustuborð þar sem finna má upplýsingar um þjónustu í nágrenninu og ferðir eru seldar.”

Aðalfulltrúi FASK sat þennan fund og óskaði eftir því, ásamt aðalfulltrúa frá Sveitarfélagsins Hornafjarðar, að þetta mál yrði ekki afgreitt á þeim fundi heldur yrði afgreiðslu þess frestað þar til næsta svæðisráðsfundar. Það var samþykkt.

Stjórn FASK er sammála um að óeðlilegt sé að taka ákvörðun um breytingu á framtíðarsýn, sem unnin var í miklu samráði við hagaðila og aðra, á fundi svæðisráðs þar sem málið var eingöngu kynnt fyrir svæðisráði og ekkert samtal búið að eiga sér stað við hagaðila á svæðinu. Það hafi mikil vinna átt sér stað á bakvið ákvörðun þessarar framtíðarsýnar og því eðlilegt að þessi ákvörðun fari í aðra umræðu og að hagaðilum á svæðinu sé gefinn kostur á samtali/samráði.

3. Grannsvæði þjóðgarðsins

Hér að neðan er tilvitnun í 9.9 grein Stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulspjóðgarðs 3. útgáfa 2022.

9.9 Grannsvæði þjóðgarðsins. Grannsvæði Vatnajökulspjóðgarðs eru þau svæði sem liggja að þjóðgarðinum, eru sýnileg frá honum eða eru hluti af landslags- eða vistheild hans. Mikilvægt er að umferð, starfsemi og framkvæmdir á grannsvæðum þjóðgarðsins taki mið af nálægð við þjóðgarðinn og að þar sé gætt ýtrustu varúðar svo að náttúra þjóðgarðsins spillist ekki né heldur upplifun gesta hans. Sé um að ræða starfsemi eða framkvæmdir á grannsvæðum þjóðgarðsins, sem leyfisskyldar eru samkvæmt lögum, er mikilvægt að leita umsagnar stjórnar þjóðgarðsins áður en leyfi er veitt.

Skilgreiningin á grannsvæði þjóðgarðsins er svo víðtæk að grannsvæði þjóðgarðs er því nánast hver einasti fermeter sýslunnar okkar. Það er því mikilvægt að skilgreiningin á grannsvæði þjóðgarðs skerði ekki gæði þeirra sem eiga land í nágrenni þjóðgarðs. Stjórn FASK hefur áhyggjur af því að sé of djúpt mark tekið á grannsvæði þjóðgarðs geti það hamlað uppbyggingu á einkalöndum og frelsi landeiganda til ráðstöfunar á eigin landi.

4. Ákveða dagsetningu aðalfundar FASK.

Ákveðið var að halda aðalfund þann 12.júní kl. 17:00 og verður hann haldinn í Holti á Mýrum.

Fundi slitið kl 10:00